

Nd.

222. Frumvarp til laga

[80. mál]

um breyting á lögum nr. 49 16. maí 1974, um Lífeyrissjóð sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. mars.)

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist nýtt ákvæði sem verði 5. málsg. og orðist svo:

Nú lætur sjóðsfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða sambýliskona hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl, þó ekki skemur en 5 ár fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi maka lífeyri svo sem um ekkju væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýlismanni lífeyri í samræmi við ákvæði 3. og 4. málsg.

2. gr.

Aftan við bráðabirgðaákvæði laganna komi tvær nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Árin 1980—1984 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum breytast ársfjórðungslega þannig að lífeyrir miðist við grundvallarlaun samkvæmt 2. málsg. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert. Frá 1. janúar 1985 að telja skulu uppbætur á lífeyrisgreiðslur ákveðnar í samræmi við ákvæði 16 gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka ákvörðun um aðild hans að samstarfssamningi lífeyrissjóða, sem nefndur er í 24. gr. laga nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

3. gr.

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1980.